

Mánudaginn 14. septembermánaðar.

Nr. 14/1891: Guðmundur Einarsson, Þórður Jónsson og Jón Jóhannesson

gegn

Guðbrandi Finnbogasen fyrir hönd  
W. Fischers verzlunar í Reykjavík.

### Dómur:

Árið 1886 og næstu ár þar á eptir áttu áfrýjendurnir, ásamt fjórða manni, sem viðbættist árið 1888, í fjelagskap 2 þilskip, »Agnes« og »Enigheden« eða »Einingin«, og hjeldu þeir þeim í fjelagi úti á fiskiveiðum hjer við land. Skipin höfðu sjerstakan reikning (conto) við W. Fischers verzlun í Reykjavík, sem stefndi er verzlunarstjóri fyrir, og var þar rituð í úttekt öll í þarfir skipanna við verzlunina og það sem lagt var inn í verzlunina af afla þeirra. Árið 1890 var skuld skipanna við verzlunina 676 kr. 42 a., að meðtöldum eptirstöðvum af skuld til W. Fischers kaupmanns út af kaupunum á skipinu »Agnes«, 277 kr. 15 a. Þessa skuld vildu áfrýjendurnir eigi kannast við og höfðaði því stefndi mál þetta gegn þeim fyrir gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu, þar sem það var dæmt 25. aprílmán. þ. á. þannig, að áfrýjendurnir voru skyldaðir til að greiða in solidum til W. Fischers verzlunar í Reykjavík 676 kr. 42 a. með 5% vöxtum frá 6. okt. f. á. til borgunardags, svo og til að greiða verzluninni, sömuleiðis in solidum, 100 kr. í málskostnað.

Áfrýjendurnir hafa krafizt þess hjer fyrir rjettinum, fyrst og fremst, að þeir verði algjörlega sýknaðir af kærur og kröfum stefnda, en til vara, að skuldarupphæðin verði færð niður um 452 kr. 39 a., þannig að á-

frýjendurnir verði ekki dæmdir til að borga meira af hinni umstefndu skuld en 224 kr. 3 a. pro rata eða með  $\frac{1}{4}$  hver þeirra. Svo hafa þeir og krafizt málskostnaðar fyrir báðum rjettum með 200 kr. eða einhverju að rjettarins mati nægilegu. Stefndi hefur krafizt þess aptur á móti, að hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur og áfrýjendurnir dæmdir til að greiða allan af málskotinu leiðandi kostnað in solidum með 50 kr.

Áfrýjendurnir hafa haldið því fram, að þessir liðir hafi verið ranglega færðir til útgjalda í reikningi skipanna:

1. »Stempel til Skjöde« (við kaupin á »Agnes« í hendur W. Fischers) . . . . .	kr. 4.58
2. »Brandassurance i 2 Maaneder» . . . . .	— 4.50
3. »Capt. Lundvalds Regning« . . . . .	— 96.50
4. »Min Commission af Skibets Kjöbesum kr. 5500 á 2 <sup>o</sup> 0 <sup>o</sup> « . . . . .	— 110.00
5. »Afmönstring til Styrmanden« . . . . .	— 13.80
6. Vextir af kaupverði Agnesar fyrir 1886, 1887 og 1888 . . . . .	— 223.01
Ennfremur vanti að telja með tekjum uppbot á fiski árið 1888, er þeim hafi verið lofuð . . . . .	— 387.50
	= kr. 839.89

Álita áfrýjendurnir því, að þeir að rjettu lagi eigi inni í verzlun W. Fischers 163 kr. 47 a. en skuldi þar ekkert.

Hvað 1. og 4. lið snertir, hefur því verið neitað af áfrýjendunum, að W. Fischer hafi keypt skipið »Agnes« *handa þeim* eða *fyrir þá*, og því sje þeim óviðkomandi kostnaður af kaupi skipsins í hans hendur, eins og hann eigi heldur hafi getað reiknað sjer »commissionslaun« af skipsverðinu. Hann hafi keypt skipið *handa*

sjálfum sjer og síðan selt þeim (áfrýjendunum) það, án þess þeir hafi beðið hann um að útvega þeim skip hjá öðrum. Gagnvart þessu er það upplýst í málinu, að W. Fischer hafði lofað áfrýjendunum, sumarið áður en þeir keyptu hið umrædda skip »Agnes«, að vera þeim hjálplegur með kaup á þilskipi og að leggja út peninga þá, er til þess þyrfti, að stefndi Guðmundur Einarsson, þegar hann veturinn eptir kom til Kaupmannahafnar til að kaupa skip handa þeim fjelögum, hafði hug á að kaupa »Agnes«, áður en W. Fischer eignaðist hana, og ljet rannsaka hana fyrir sig í því skyni, að W. Fischer keypti skipið rjett á eptir, að W. Fischer seldi áfrýjendunum skipið fyrir sama verð og hann keypti það, og að áfrýjendurnir voru orðnir eigendur að skipinu eða búnir að fá eignarumráð yfir því, þótt eigi hefðu þeir formlegt afsal fyrir því, mjög skömmu eptir að Fischer eignaðist skipið, enda þökkðu þeir honum þá brjeflega fyrir »hjálp hans og aðstoð við skipkaupin«. Af þessum atriðum má ráða og álíta fullsannað, að W. Fischer útvegaði áfrýjendunum eða keypti handa þeim skipið »Agnes« og lagði út fje til kaupanna, og verður þá eigi vefengd heimild hans til að reikna sjer commi-si-ónslaun þau, er hann hefur talið sjer, samkvæmt verzlunarvenju í Kaupmannahöfn, eins og hann einnig að sjálfsgöðu átti heimting á að fá kostnað þann endurgoldinn, er kaupin handa áfrýjendunum höfðu í för með sjer, en þar með verður að telja kostnaðinn við afsal í hendur honum sem útvegumarmanni. 2. liðurinn, sem að er fundið, var brunabótatrygging á skipinu, meðan verið var að gera við það og útreiða það fyrir áfrýjendurna, 3. liðurinn þóknun fyrir umsjón við aðgjörðina, og 5. liðurinn lögskráning stýrimanns þess

úr skiprúmi, er var á »Agnes«, til Íslands, eptir að hún var orðin eign áfrýjendanna; það getur því ekki orðið umtalsmál, að áfrýjendurnir geti losað við þessi gjöld. Vexti af fje því, er W. Fischer lánaði áfrýjendunum til að kaupa »Agnes« fyrir, hafði hann og rjett til að telja sjer eptir verzlunarvenju í Kaupmannaböfn, enda hafði hann og gefið áfrýjendunum það nægilega í skyn áður, að hann mundi telja sjer þá. Að því er uppbótina á fiski snertir, þá hafa eigi áfrýjendurnir, gegn neitun stefnda, sannað, að hann hafi lofað henni frekar en hún er talin í reikningunum.

Með því að mótmæli áfrýjendanna gegn hinum framkomnu reikningum eigi verða, samkvæmt þessu, álitin á rökum byggð, og með því að einnig verður að fallast á það álit undirdómarans, að sameigendurnir að þilskipunum «Agnes» og »Enigheden» eða »Einingin» hafi borið ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á skuldum fjelagsskipanna við verzlun W. Fischers, þegar af þeirri ástæðu, að Fischer gat ekki vitað neitt um eignarhlutföllin þeirra í milli innbyrðis, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm bæði að því er hina umstefndu skuld snertir og málskostnaðinn.

Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjendunum að greiða hinum stefnda in solidum 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjendurnir Guðmundur Einarsson, Þórður Jónsson og Jón Jóhannesson, einn fyrir alla og allir fyrir einn,

stefnda, Guðbrandi Finnbogasen, fyrir hönd W. Fischers verzlunar í Reykjavík, 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 21. septembermánaðar.

Nr. 17/1891.

Bæjarstjórn Reykjavíkur  
gegn

H. Th. A. Thomsen og merkja-  
dómendum sýslumanni Franz  
Siemsen, og bændunum Gísla  
Gíslasyni, Halldóri Jónssyni, Þórði  
Runólfssyni og Þórði  
Guðmundssyni.

Dómur:

Með því að bæjarstjórn Reykjavíkur og kaupmaður H. Th. A. Thomsen eigi gátu orðið ásátt um landamerki milli jarðarinnar Klepps, sem er eign Reykjavíkur, og Bústaða, eignarjarðar Thomsens, lagði bæjarstjórnin ágreiningsmálið undir úrskurð landamerkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu, og upp kvað hann dóm í málinu hinn 28. júní 1890. Þessum landamerkjadómi var skotið til yfirdómsins og fjell þar dómur í málinu hinn 8. desembermán. 1890 á þá leið, að landamerkjadómurinn var úr gildi felldur og málinu heimvísað, sjerstaklega fyrir þá skuld, að merkjadómurinn hefði eingöngu byggt úrslit málsins á skilríkjum, sem ekkert sönnunargildi hefðu í því, og væru málinu óviðkomandi. Hinn 31. des. f. á. voru formanni merkjadómsins, sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, afhent skjöl málsins ásamt nýnefndum yfirrettardómi, og var þess jafnframt af hálfu bæjarstjórnarinnar krafizt, að merkja-